

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: N1 ehf.  
kt. 411003-3370

Starfsstöð: Álaugarey, 780 Höfn í Hornafirði

Leyfið gildir frá 19. júlí 2019 til 19. júlí 2031

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Eldsneytisafgreiðslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

NEILBRIGÐISEFTIRLIT  
Dröfn Svabjörnsdóttir  
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: N1 ehf, kt. 411003-3370

Starfsstöð: Álaugarey, 780 Höfn í Hornafirði

Leyfið gildir frá 19. júlí 2019 til 19. júlí 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Eldsneytisafgreiðslu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 15. maí 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

### 1. Lýsing á starfseminni, búnaði og skilyrði sem gilda

---

Um er að ræða sjálfsafgreiðslubensínstöð þar sem selt er jarðefnaeldsneyti.

Á lóðinni er einn neðanjarðar einfaldur stálgeymir í lekavörn (í dúk) og einn ofanjarðar tvöfaldur stálgeymir með lekaeftirlit á rými milli ytra og innra geymis. Birgðarými þeirra er sem hér segir:

Geymir 1: Neðanjarðar. 9.700 L díselolía. Framleiðsluár: 2003

Geymir 2: Ofanjarðar. 8000 L vélaolía. Framleiðsluár: 2004

Geymir 1 uppfyllir staðalinn NS 1541 og geymir 2 uppfyllir staðalinn 12285-2.

Lagnir eru einfaldar stállagnir.

Fráveita frá afgreiðsluplani er leidd um sambyggða sand- og olíuskilju.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir bensínstöðvar*

## 2. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 2.1. Mengunarvarnir fráveitu - olíuskilja

Fráveita frá afgreiðsluplani er leidd um sand- og olíuskilju. Um er að ræða sambyggða sand- og olíuskilju af gerðinni 1+2 sem uppfyllir staðalinn ÍST EN 858, með sýnatökubrunni að aftan. Skiljan er með 1 m<sup>3</sup> sandfang og 2 m<sup>3</sup> olúfang. Sjálfvirkur viðvörunarbúnaður er ekki til staðar í olíuskiljunni.

Mæla skal magn olíu í skiljunni mánaðarlega þar til búið er að koma á sjálfvirkum viðvörunarbúnaði. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju og taka sýni af frárennslisvatninu en það skal gert þriðja hvert ár. Tæma og hreinsa skal eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

### 2.2. Mengunarvarnir fráveitu - áfyllingarplan

Fráveita við áfyllingu við neðanjarðargeyminn er tengd inn á olíuskiljuna en við ofanjarðargeyminn er ekki áfyllingarplan. Ofanjarðargeymirinn er tvöfaldur og telst því í lekavörn. Skv. 32. gr. reglugerðar 884/2017 skulu áfyllingarplön vera úr föstu olíuheldu efni og afrennsli frá áfyllingarplönnum og umbúnaði í kringum þau leitt í olíuskilju.

### 2.3. Mengunarvarnarbúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

## 3. Prófanir og sýnatökur

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

### 3.1. Sýnataka af fráveitu frá olíuskilju

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

### 3.2. Þykktarmæling geyma

Neðanjarðar stálgeymar án lekavarnar skulu þykktarmældir á tíu ára fresti á þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 884/2017 eða samkvæmt öðrum aðferðum sem Umhverfisstofnun metur jafngildar. Að öðru kosti skulu þeir teknir úr notkun. Eftir hverja þykktarmælingu skal rekstraraðili stöðvarinnar útfylla skýrslu um ástandsskoðun á neðanjarðarolíugeymi. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar og senda til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### 3.3. Lekaprófanir og þrýstiprófanir

Rekstraraðili skal á tíu ára fresti láta lekaprófa olíugeyma og olíulagnir sem ekki eru í lekavörn. Jafnframt skal gera úttekt á búnaðinum og skrá niðurstöður í rekstrarhandbók starfstöðvar.

Rekstraraðili skal láta þrýstiprófa olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana og breytinga skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

### 3.4. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema, loka o.þ.h., árlega. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

## 4. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

---

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila. Heimilt er að vista handbókina miðlægt.

### 4.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olíugeyma, olíu- og sandskiljur, olíulagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olíugeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olíugeymis, olíutegund, númer geymis, byggingarár, líftími olíugeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfiryllivarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

### 4.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður á fráveituvatni frá olíuskilju
- Eftirlit og meiriháttar viðhald, endurbætur og feril olíugeymis
- Mánaðarlegt birgðauppgjör geyma
- Eftirlit með millibyrði geyma
- Þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum
- Niðurstöður þykktamælingar á geymum
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna

## 5. Mengunarslys

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

## 6. Starfsemi hætt

---

Verði rekstri hætt skal það tilkynnt Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

## 7. Annað sem varðar starfsemina

---

### 7.1. Fráveita

Afrennsli frá olúskilju er leitt í fráveitu sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ*

### 7.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

### 7.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

## 8. Kröfur vegna starfsleyfis

---

Krafa er um að fyrir lok október 2022 verði búið að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir á starfstöð fyrirtækisins, skv. ákvæðum í reglugerð nr. 884/2017.

- Krafa er um að olúskiljan verði útbúin sjálfvirkum viðvörunarbúnaði í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í reglugerð 884/2017. Olú- og sandskiljur skulu vera í samræmi við gildandi staðla hverju sinni, sbr. viðauka II sömu reglugerðar.
- Gera skal áfyllingarplan við ofanjarðargeyminn í samræmi við 32. gr. um búnað á bensinstöðvum í reglugerð 884/2017.

19. júlí 2019

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

19. júlí 2019

N1 ehf.  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogur

**Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir eldsneytisafgreiðslu á Álaugarey, 780 Höfn**

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur bensínstöðvar með sjálfafgreiðslu á Álaugarey, 780 Höfn barst 15.5.2019. Umsækjandi er N1 ehf., kt. 411003-3370.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 19. júní sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 18. júlí 2019.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi